

**Nefndasvið Alþingis**

**b.t.** Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/851**  
**komudagur 4.12.2012**

Reykjavík, 4. desember 2012

**Efni: Umsögn um mál nr. 364. um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**

Frumvarp þetta fjallar um breytingu á lögum um „réttindi og skyldur“ starfsmanna ríkisins. Lögin taka bæði til embættismanna og annara starfsmanna ríkisins. Embættismenn eru ekki félagsmenn í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og er því ekki fjallað um þau atriði sem varða embættismenn sérstaklega.

Félagið telur mikilvægt að ef gera á einstakar breytingar á lögnum sé litið til laganna í heild.

**Réttindi sem lögnum er ætlað að tryggja starfsmönnum eru:**

1) Upplýsingar um starfssvið og ráðningarkjör, 2) Réttur til launa – viðbótarlaun. 3) Tiltekinn greiðsludagur launa. 4) Orlof. 5) Veikindaréttur. 6) Sveigjanlegur vinnutími. 7) Vernd uppljóstrara. 8) Áminning.

Liðir 1 til 6 eru óþarfir þar sem þeim eru gerð skil í kjarasamningum og héldu gildi sínu þó lögin yrðu afnumin í heild sinni. Lögin tryggja því aðeins tvennt; vernd uppljóstrara og áminningarskyldu.

**Nánar um áminningarskylduna**

Samkvæmt frumvarpinu á að afnema, áminningarskylduna. Þær greinar sem lagt er til að felldar verði út úr lögnum og varða almenna starfsmenn eru 21. og 44. gr.

Í stuttu máli segir fyrri greinin að ef starfsmaður stendur sig ekki í starfi, sinnir því ekki eins og til er ætlast eða brýtur af sér **skal** veita honum áminningu. Sú síðari segir að starfsmanni verður ekki sagt upp af þessum ástæðum nema að honum hafi verið veitt áminning og gefinn kostur á að bæta ráð sitt. Þessar reglur virðast eðlilegar í mannlegum samskiptum; sú fyrri snýr að forstöðumanninum og gerir þá kröfu að hann sinni stjórnunarskyldum með formlegum hætti, sú síðari verndar starfsmanninn gegn geðþóttaákvörðunum og gefur honum kost á að bæta ráð sitt. Eins og fram kemur í greinargerð eru þessar reglur að mati ríkisendurskoðunar forstöðumönnum ríkisstofnana ofviða. Ekki fylgir sögunni hvort þar ræður óttinn við að hafa menn í vinnu sem hafa bætt ráð sitt eða hvort forstöðumenn eru ekki taldir ráða við þau formlegheit sem leiða af þessum

fyrirmælum. Á síðara atriðinu má ráða bót með að gera ríkari kröfur til forstöðumanna og halda þeim vel upplýstum um vinnubrögð og verkferla. Staðreyndin er sú að séu ástæður (jafnvel óverulegar) til staðar hafa forstöðumenn vandræðalaust getað losað sig við starfsmenn. Félaginu er ókunnugt um að þessi ákvæði hafi skaðað stofnanir ríkisins, hinsvegar er það þekkt að óstjórn og vandræði í mannauðsstjórnun hafa verið réttlætt með tilvísun í þessar greinar.

#### **Skyldukafli laganna fjallar um eftirfarandi:**

- 1) Alúð og samviskusemi. 2) Hlýðniskyldu. 3) Stundvísi og mætingar.
- 4) Ósjálfstæði um vinnutíma og yfirvinnuskildu. 5) Þagnarskyldu. 6) Breytingar á ráðningarkjörum. 7) Aukastörf.

Liðir 1 til 3 sem og liðir 5 og 7 teljast til almennra samskipta á vinnumarkaði og eiga heima í ráðningarsamningi, sérlögum um viðkomand starfsemi eða jafnvel siðareglum viðkomandi starfsstétta ef sérstök ástæða er til. Eftir standa þá tveir liðir: Um yfirvinnuskyldu og um breytingar á störfum. Er rétt að skoða þau ákvæðir nánar:

17 grein starfsmannalaganna hljóðar:

*Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.*

*Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.*

Í þessari grein eru tvær íþyngjandi reglur. Í fyrsta lagi er forstjóra falið vald til að taka einhliða ákvörðun um vinnutíma, atriði sem aðilar á almennum vinnumarkaði semja um í ráðningarsamningi. Í öðru lagi fær forstjóri vald til að skikka starfsmenn, að ákveðnu marki, til yfirvinnu. Það eru milkilvæg mannréttindi að starfsmenn geti sjálfir ráðstaðfað þeim tíma sem er utan reglulegs vinnutíma. Hagi svo til að að óhjakvæmilegt sé að gera ráð fyrir að reglulegur vinnutími dugi ekki í öllum tilvikum og líkur á að starfsmenn bjóði sig ekki fram til yfirvinnu verður að taka á því í ráðningarsamningi enda taki þá önnur stafskjör tillit til þess.

19. grein starfsmannalaganna hljóðar:

*Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti*

*eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.*

Í framkvæmd hefur þessi grein í þýtt að forstöðumaður getur að vild virt ráðningarsamninga að vettugi, en samkvæmt 42. gr. laga ber honum honum skyldu til að gera ráðningarsamninga. Samningsstaða starfsmannsins er afleit þegar þessari grein er beitt og hann getur þá fyrst brugðist við gerðum hlut með því að segja upp sjálfur. Eðlilegt er að ef nauðsynlegt þykir að breyta störfum eða verksviði starfsmanns að samið sé um breytingu á ráðningarsamningi. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu lýkur ráðningarsambandi. Einnig er rétt að benda á að greinin hefur verið notuð til að komast fram hjá auglýsingarskyldu skv. 7. gr. laganna. Ákvæði af þessu tagi mátti skilja þegar starfsmenn voru æviráðnir en er með öllu óskiljanleg þegar vinnréttarsambandi er ætlað að byggja á uppsegjalegu samkomulagi tveggja jafnrétthárra aðila.

Félagið leggst eindregið gegn því að áminningarskyldan með þeirri takmörkuðu vernd sem henni fylgir sé felld niður meðan ekki er hreyft við þeim íþyngjandi ákvæðum sem felast í 17. og 19. gr. laganna. Verði það eigi að síður niðurstaða nefndarinnar að mæla með samþykkt frumvarps þessa leggur félagið til að gætt verði samræmis og heiti laganna breytt þannig að orðið réttindi verði fellt út.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra náttúrufræðinga



Páll Halldórsson, formaður